AUGLÝSING

bann við innflutningi frá Ítalíu vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dýrasjúkdómayfirvöldum um upprætingu Newcastle-veiki, sem er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og hefur ekki greinst á Íslandi, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Ítalíu.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 22. október 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. ágúst 2003.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.